



325. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 30. júní 2022.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ.

Á Teams: Ásdís Hjalmsdóttir Annerud, Olga Bjarnadóttir.

Forföll: Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Knútur G. Hauksson og Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

1. Upplýsingar frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni á skrifstofu ÍSÍ.

Ráðuneytið hefur gefið lokasamþykki á afgreiðslu fjárstuðnings ríkisins við íþrótt- og æskulýðshreyfingarnar vegna COVID-19. Vinnuhópur ÍSÍ sem var að störfum við síðustu fjárframlög hefur komið aftur saman, umsóknarferlið er í mótun og verður kynnt á blaðamannafundi í næstu viku. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að greiða út styrki í lok ágúst eða byrjun september, að loknu umsóknarferli og úrvinnslu hjá ÍSÍ.

Í samráði við Sjóvá, helsta styrktaraðila Kvannahlaups ÍSÍ, þá hefur verið ákveðið að ÍSÍ hætti að standa fyrir Kvannahlaupi ÍSÍ. Ákvörðunin verður tilkynnt fljótlega í fjölmiðlum. ÍSÍ og Sjóvá munu funda eftir sumarfrí um aðkomu fyrirtækisins að öðrum viðburðum á vegum ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri hefur fundað með öllum starfsmönnum um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi á skrifstofu ÍSÍ. Góður samhljómur er meðal starfsfólks gagnvart breytingunum. Rekstur skrifstofu ÍSÍ á Akureyri verður endurmetinn á næsta ári. Starfsfólk á skrifstofu ÍSÍ greiðir mánaðarlega í starfsmannasjóð sem nýttur er til ferðalaga þriðja hvert ár. Fyrirhugað er að fara vinnu- og skemmtiferð til Lausanne á haustdögum.

2. Fagsvið ÍSÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir það helsta á Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ.

París 2024 - Búið er að forpanta gistingu í París og Lille í gegnum gistiskráningarkerfi leikanna, fyrir gesti ÍSÍ á Ólympíuleikunum í París.

EYOF 2022, Slóvakíu - Undirbúningur fyrir EYOF er á lokastigi. Samþykkt heimild fyrir því að senda endanlegan þátttakendalista rafrænt til framkvæmdastjórnar til afgreiðslu á milli funda.

Viðar Garðarsson formaður fagraðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins.

ÍSí átti tvo fulltrúa á ársþingi TAFISA á dögnum og tvo fulltrúa á undirbúningsfundi fyrir Íþróttaviku Evrópu. Töluvert fjármagn mun skila sér í verkefnið næstu tvö árin og unnið er að formlegu umsóknarferli fyrir sambandsaðila sem vilja tengja viðburði við verkefnið.

Norræn fyrirtækjaíþróttasambönd munu funda á Íslandi í ágúst, með aðkomu Almenningsíþróttasviðs ÍSí. Samböndin greiða sjálf fyrir sína þátttöku þannig að ekki fellur mikill kostnaður á ÍSí vegna fundarins.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Ólympíudagurinn var haldinn hátíðlegur í Mosfellsbæ 23. júní sl. Tveir fulltrúar sóttu ársþing ENGSO í Færeyjum í lok maí þar sem m.a. var fjallað um geðheilsu og málefni hinsegin fólks.

Hlutverk EOC Gender Equity Commission sem Kolbrún Hrund á sæti í hefur verið útvíkkað og heiti hennar breytt í EOC Gender Equality, Inclusion & Diversity Commission.

Sendinefndir frá Frakklandi og Mexíkó hafa nýlega heimsótt ÍSí og fengið kynningu á starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Sumarfjarnám 1. stigs þjálfaramenntunar ÍSí er í fullum gangi og endurskoðun hefur nýlega farið fram á leiðbeinandi ramma um jafnréttisáætlanir, til samræmis við kynjafjölgun.

Umræður urðu um málefni transfólks með hliðsjón af samþykkt Alþjóðasundsambandsins varðandi þátttöku transkvenna í keppni á afreksstigi í sundi. Alþjóðaólympíunefndin hefur gefið það út að það sé í höndum alþjóðasambanda hvernar íþróttar að setja reglur varðandi þátttöku transfólks í viðkomandi íþrótt og búast má við því að fleiri sambönd gefi út reglur hvað þetta málefni varðar á næstu mánuðum. Fylgst verður vel með næstu skrefum.

3. **Fjármál**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir fjögurra mánaða rekstur ÍSí. Reksturinn er í góðu jafnvægi en ljóst er að næsta rekstrarár verður þungt vegna fjárfrekra ólympískra verkefna. Gera má ráð fyrir því að Evrópuleikarnir verði kostnaðarsamari en áður þar sem búið er að breyta þátttökuskilyrðum og fyrirkomulagi.

4. **Skýrsla starfshóps ÍSí um verkferla, vinnubrögð og viðmið í íþróttahreyfingunni**

Framkvæmdastjóri ÍSí skýrði frá stöðu mála. Enn er unnið að útgáfu verkferla en samkvæmt upplýsingum frá samskiptaráðgjafa er verkið er nú í hönnun og uppsetningu fyrir prentun. Umræður urðu um aðrar úrlausnir og mikilvægi þess að embætti samskiptaráðgjafa verði eflt strax. Sé litið til fjölda mála sem embættinu hefur borist síðasta árið er brýn nauðsyn á frekari úrlausnum þar að lútandi.

5. **Húsnæðismál í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal**

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að breytingum á húsnæði ÍSí á 3. hæð í húsi 3 vegna flutninga UMFÍ á hæðina.

Umræður urðu um húsnæðismál sambandsaðila ÍSÍ. Rætt um að endurvekja mannvirkjanefnd ÍSÍ til stuðnings fyrir sveitarfélög, þjóðarleikvanga o.fl.

6. Ánægjuvogin

Niðurstöður úr Ánægjuvoginni voru kynntar ÍSÍ og UMFÍ nýlega. Niðurstöðurnar eru mjög jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna.

Rætt um mikilvægi þess að koma jákvæðum áhrifum íþróttanna á börn og ungmenni betur á framfæri við almenning. Einnig rætt um leiðir til að nýta upplýsingarnar betur í starfi ÍSÍ og sambandsaðila.

7. Viðurkenndar íþróttagreinar/alþjóðasambönd

Ýmis álitamál liggja fyrir er varða viðurkenningu íþróttanna og aðild að alþjóðasamböndum íþróttanna. Mikilvægt er að leita úrlausna og því samþykkt að skipa vinnuhóp um verkefnið. Eftirtaldir skipaðir í vinnuhópinn:

Úlfur H. Hróbjartsson formaður

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Líney Rut Halldórsdóttir

Til viðbótar skal leita til laganefndar ÍSÍ um að tilnefna einn úr hópi nefndarmanna í vinnuhópinn.

Fyrir liggja erindi um viðurkenningu pílukasts og rafíþróttanna sem taka þarf afstöðu til.

8. Starfsskýrslur – keppnisbann

Með tilvísun í 8. grein laga ÍSÍ þá var samþykkt að beita þau félög sem enn verða í vanskilum með starfsskýrslur til ÍSÍ keppnisbanni frá og með 15. ágúst nk.

9. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 323. og 324. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. fundur laganefndar ÍSÍ – tillögur nefndarinnar samþykktar með þeim viðbótum að tilvísun í sjóhöð í nafni og lögum Sund- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur (SJÓR) var hafnað þar sem sjóhöð eru ekki viðurkennd íþróttagreinin innan ÍSÍ, sem og nafni knattspyrnufélagsins Reykjanesbræðra.
- Þróunar- og fræðsluvið frá 22. júní 2022.
- Afreks- og Ólympíusvið frá 21. júní 2022.
- Afrekssjóður frá 30. mars 2022 – samþykkt viðbótarframlag til SSÍ að upphæð 1 m. króna vegna hæfileikamótunar, en um er að ræða leiðréttingu vegna mistaka við úrvinnslu umsóknar.
Einnig veitt heimild til að staðfesta frekari úthlutun í gegnum tölvupóst í tengslum við efnispætti í fundargerð sjóðsins.

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur stjórnar er áætlaður í ágústmánuði.

13. Önnur mál

Sjálfboðaliði ársins

Úlfur H. Hróbjartsson vísaði til umræðna frá síðasta fundi varðandi verkefnið. Forseta og framkvæmdastjóra falið að skoða mögulega kostun á verkefninu.

Pátttaka keppenda í landsliðsverkefnum í íþróttum

Ásdís Hjálmsdóttir Annerud ræddi kostnað landsliðsfólks vegna landsliðsverkefna í íþróttum. Almennar umræður urðu um málið.

Samþykkt að kalla eftir upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ um stöðu mála til að ná betri yfirsýn til greiningar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari